

Í ÁTTINA

(En route pour l'epagogique et l'astrobiologie)

I

Áður hefir hér minnst verið á hinar merkilegu rannsóknir Kilners, og skal nú getið um fleira, sem fróðlega sýnir, hversu þó er verið að halda í áttina.

Enskur maður, dr. Russ, hefir fundið upp útbúnað eða vél, sem sýnir mjög glögglega, orkugeislan frá auganu; Russ getur hreyft vélina með því að líta á hana. Hvort þessu má treysta, veit ég ekki; en aðfinningar þær sem ég hefi séð (í tímaritinu Nature), virðast helst eiga rót sína í þeirri sannfæringu heteromóríunnar, að slíkt geti ekki átt sér stað.

Þjóðverjarnir Hofmann og Freudenberg, annar efnafræðingur, hinn læknir, rosknir báðir og þaulvanir vandasömum athugunum, hafa gert mjög fróðlegar tilraunir með hugsanaflutning (Hofmann, Psych. Stud., jan. 1921). Vegalengdin var 800 metrar, og tilraunirnar tókust ágætlega. Þær eru jafnvel ennþá fróðlegri heldur en rannsóknararnir hafa sjálfir veitt eftirtekt, því að þær sýna sumar mjög vel, hvernig „agentinn“, eða sá sem er að reyna að koma sinni hugsun fram í öðrum heila, framleiðir eigi einungis sína hugsun, heldur stillir einnig viðtakanda eða percipient til annars sambands, samkvæmt því lögmáli, sem ég hefi fundið fyrir vanalegan svefn og miðilssvefn, og enn kemur greinilega fram við svafningar (hypnotisering). Hofmann segir líka, að sér hafi tekist að breyta ástandi efnis, með hugsun sinni.

Sérstaklega fróðleg hefir mér þótt grein eftir dr. Eric Kindborg í Psych. Stud., nóv. 1921. Þessi gáfaði læknir hefir verið að gera tilraunir með fjaráhrif, og komist að þeirri niðurstöðu, að enginn vafi geti á því leikið, að þau eigi sér

stað. Það sem mér þykir sérstaklega mikilsvert, er að hann talar um að taugastraumur í einum geti „inducerast“ í öðrum. Að vísu lendir einnig dr. Kindborg í þessari keldu, sem kölluð er undirvitund; en skilningurinn á því sem ég kalla bioinduktion, er þar þó orðinn ekki svo fjarri. En þá er allt fengið, sem þarf til þess að koma mönnum úr ógöngunum, og á þá stórkostlegu leið, sem Nýall er að benda á, ef menn skilja, að það er til lífmagn, sem hagar sér líkt og rafmagn, og hugsa þá hugsun áfram, og haga rannsóknum eftir því. Þegar það er gert, verður fljótt komist út úr allri dulrænuþoku, og skilningurinn á því, að þessar verur sem menn hafa fengið samband við, eru ekki yfirnáttúrlegar, og eiga ekki heima í andaheimi, liggur þá opinn fyrir.

Enn má nefna ritgerð eftir sænskan háskólakennara, dr. Alruz, með fyrirsögninni *Nervenstrahlung*. Ritgerðina hefi ég ekki séð, en fyrirsögnin er fróðleg, og að því er mér skilst, hyggst dr. Alruz hafa sýnt fram á, að taugageislun eigi sér stað.

II

Jafnvel eindregið andatrúarrit, eins og hin víðfræga andaheimslýsing enska prestsins Vale Owen, sýnir glögglega, hvernig verið er að færast í áttina, og hversu nálægt er komið þessari stórkostlegustu uppgötvun, að það sem menn hafa haldið líf í andaheimi, er lífið á öðrum stjörnum. Ég hefi verið að reyna til að sýna hinum ágæta enska presti fram á, að það sé ekki neitt „hinumegin“ eða yfirnáttúrlegt, sem hann er að lýsa, heldur náttúran og mannlífið, eins og er á öðrum stjörnum, og hefir hann svarað mér eins vel og búast mátti við af slíkum manni. En þó virðist hann ennþá vera eins fastur í trúnni á andaheim, eins og annar ágætur maður, prófessor Haraldur Níelsson. Samt sýnir verk Vale Owens, *The Life beyond the Veil*, mjög greinilega, að verur þessar sem lýsingin stafar frá, eru mjög alvarlega að reyna til að fá hann til að skilja og rita, að þær eru ekki andar, og eiga ekki heima á neinu yfirnáttúrlegu tilverusviði, heldur á annarri stjörnu. Sérlega fróðlegur staður er III, s. 74:

Included in those (p.e.: the spheres inferior to Sphere Five) is that of earth, which is not diverse from what you distinguish by the name spiritual spheres, except in its outer manifestation.

Þarna er ágætlega greinileg tilraun til að fá „percipientinn“ eða viðtakandann, Vale Owen, til að rita, að það sem spiritistar kalla spiritual spheres (andaheimssvið), sé ekki andaheimur fremur en jörðin; eða með öðrum orðum, alls ekki andaheimur. Í sama bindi, s. 106, er reynt til að fá það fram, að það sem andatrúarmenn hyggja vera anda, séu ekki andar, fremur en mennirnir eru það: and you in the flesh are spirits.

Tilgangurinn með þessari tilraun þeirra á öðrum stjörnum, sem kemur fram í ritinu *Beyond the Veil*, er einmitt að koma fram hinum rétta skilningi, og aðstoða þann sem heita má foringi þessa fyrirtækis á jörðu hér, að koma á diexelixis, en ekki varð náð sambandi við, af ástæðum, sem teknar hafa verið fram hér áður. Og sá sem les nógu vandlega ritið *Life beyond the Veil*, getur vel séð þar áhrif frá jarðfræðingi og líffræðingi — diabiolog — sem veit um sambandið við aðrar stjörnur.